

Hænsin urðu altaf kátari og fjörugri. Haninn fór að verða vífinn við hænurnar. Það komu mjög kynlegir innskotsþættir inn í þenna tryllingsdans. Það var í fyrsta sinni sem Lúðvík fékk hugmynd um, að hæns væru fuglar, svo gerðarlega flugu þau með vængjabarningi og gargi. Hann lék við þau skollaleik, náði stundum einni og einni vængfjöður úr hænunum, stundum þreif hann utan um aðra löppina á hananum. — Ó, hvað haninn og hænurnar görguðu, —kötturinn mjálmaði óhemjulega; þau hæns, sem ekki voru það og það augnablik í þessum tryllingsleik, átu af rauða maukinu.

Drengurinn var töfraður af ólátunum, hávaðanum og tryllingshættinum. Hann grenjaði og hvein svo að yfirtók alt galið og gargið í hænsunum, æddi um eins og djöfulóður, krafsaði upp ruslið af gólfinu, þeytti því í allar áttir, hló og söng:

„Og því skal herja hart
sem hraustur kappi lands.

Húrra, húrra, húrra!“

Hann vissi ekkert, skynjaði ekkert, hann og hænsin voru jafn djöfulód í þessum helvíska jólaleik, sem hann setti á stofn. Hvað er nú að?

Það var barið á dyrnar.

„Berjið þið, eg skal berja aftur!“

Og drengurinn barði með báðum stígvélahælunum innan á hurðina svo þrumaði undir, jafnframt því sem hann erti hænsin til þess að flögra og vappa um kofann.

„Hver er í hænsakofanum?“ kvað við utan við kofann með þrumandi rödd.

Drengurinn þekkti röddina. Honum flaug í hug að hann ætti von á kinnhesti eða skrokkskjóðum. En hann var í því hugarástandi, að hann skoðaði slíka hversdags hluti sem smámuni.

„Gott kvöld og gleðileg jól, Skinna-Bóletta!“ þrumaði hann út um hurðina.

Utan frá drundi:

„Nei, aldrei á minni lífsfæddri æfi, og alt til æfiloka, hefi eg þekkt, né mun þekkja, annan eins grasasna“.